

LÖG

um breytingu á lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004 (EES-reglur, móttaka úrgangs í höfnum).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- a. 4. tölul. orðast svo: *Farmleifar:* Leifar hvers konar farms um borð, á þilfari eða í lestum eða tönkum, sem eftir verða að lokinni ferminu og afferminu, þ.m.t. umframmagn og leki í tengslum við ferminu eða afferminu, hvort sem þær eru þurrar eða blautar eða hluti af þvottavatni, að undanskildu farmryki, sem verður eftir á þilfari að lokinni hreinsun, eða ryki á ytra byrði skips.
- b. Á eftir 25. tölul. kemur nýr töluliður, 26. tölul., svohljóðandi: *Úrgangur fangaður af tilviljun:* Úrgangur sem safnast í net við fiskveiðar.
- c. 26. tölul., sem verður 27. tölul., orðast svo: *Úrgangur frá skipum:* Allur úrgangur, þ.m.t. farmleifar, sem fellur til við starfrækslu skips eða við lestun, losun og hreinsun og fellur undir gildissvið I., II., IV., V. og VI. viðauka við MARPOL-samninginn, auk úrgangs sem er fangaður af tilviljun.

2. gr.

Við 11. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Hafnarstjórn skal gera áætlun um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um útfærslu og uppbyggingu á móttökuaðstöðu í höfnum skv. 1.–3. mgr. Þá getur ráðherra kveðið á um í reglugerð að litlar hafnir séu undanskildar kröfu um gerð áætlunar um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa.

3. gr.

Í stað tilvísunarinnar „skv. II. viðauka við reglugerð nr. 792/2004 um móttöku á úrgangi frá skipum, sbr. 3.–5. mgr.“ í 2. mgr. 11. gr. a laganna kemur: samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur, sbr. 3.–4. mgr.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. c laganna:

- a. Orðin „fiskiskipum, skemmtibátum sem ekki mega flytja fleiri en 12 farþega“ í 1. mgr. falla brott.
- b. Eftirfarandi breytingar verða á 3. mgr.:
 1. Í stað orðsins „má“ í 1. og 2. málsl. kemur: skal.
 2. Við bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Einnig skal veita undanþágu frá greiðslu gjalda skv. 1. mgr. fyrir fiskiskip og skemmtibáta sem ekki mega flytja fleiri en 12 farþega sem hafa reglulega viðkomu í höfnum og sýna fram á trygga afhendingu úrgangs og greiðslu gjalda.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

- a. Í stað tilvísunarinnar „reglugerð nr. 792/2004 um móttöku á úrgangi frá skipum“ í 3. mgr. kemur: reglugerð sem ráðherra setur.
- b. 5. mgr. fellur brott.

6. gr.

29. gr. laganna orðast svo:

Lög þessi fela í sér innleiðingu á 3., 4. og 5. tölul. 2. gr., 5., 8. og 9. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/883 frá 17. apríl 2019 um móttökuaðstöðu í höfnum til afhendingar úrgangs frá skipum, um breytingu á tilskipun 2010/65/ESB og um niðurfellingu tilskipunar 2000/59/EB, sem vísað er til í tölul. 56i í V. kafla XIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 191/2022 frá 10. júní 2022 auk innleiðingar tilskipunar 2005/35/EB um mengun sem á upptök sín um borð í skipum og innleiðingu viðurlaga við brotum sem vísað er til í tölul. 56v í V. kafla XIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/2009 frá 29. maí 2009.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2027.

8. gr.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á hafnalögum, nr. 61/2003:

- a. Orðin „fiskiskipum, skemmtibátum sem ekki mega flytja fleiri en 12 farþega“ í 2. málsl. f-liðar 1. tölul. 2. mgr. 17. gr. laganna falla brott.
- b. 1. mgr. 30. gr. laganna orðast svo:

Lög þessi fela í sér innleiðingu á 8. og 9. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/883 frá 17. apríl 2019 um móttökuaðstöðu í höfnum til afhendingar úrgangs frá skipum, um breytingu á tilskipun 2010/65/ESB og um niðurfellingu tilskipunar 2000/59/EB, sem vísað er til í tölul. 56i í V. kafla XIII. viðauka samningsins um Evrópska

efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 191/2022 frá 10. júní 2022.

Gjört á Bessastöðum, 16. mars 2026.

Halla Tómasdóttir.
(L. S.)

Jóhann Páll Jóhannsson.

A-deild – Útgáfudagur: 20. mars 2026